



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF SEPTEMBERMÁNAÐAR 2024



VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM



FV@VESTFIRDIR.IS



WWW.VESTFIRDIR.IS



450-6600

AÐ SKAPA SKILYRÐI TIL FRAMTÍÐARBÚSETU

Árið 2024 er mikið stefnumótunarár fyrir Vestfirði, þar sem unnið er að gerð nýrrar Sóknaráætlunar fyrir næstu fimm ár og Svæðisskipulags til 25 ára. Þessi vinna krefst þess að horft sé til framtíðar. Fyrir mörg er framtíðin ekki aðeins spurning um starf eða menntun, heldur einnig um hvar þau sjá sig búa og í hvernig umhverfi. Í dag leitar fólk að fyrirtækjum, þjónustu og náttúru sem það finnst það geta tengst. Það vill ekki aðeins búa á stað þar er örugg atvinna, heldur einnig þar sem það getur blómstrað á ólíkum sviðum. Því er mikilvægt í þessari stefnumótunavinnu að leggja áherslu á að skapa samfélag sem fólki finnst þess virði að búa í.

Öryggi, aðgengi að menntun, heilbrigðisþjónustu, virkur atvinnuma rkaður og góð tengsl spila stórt hlutverk í að ákvarða hvar fjölskyldur ákveða að búa. Aukin tækni hefur einnig breytt því hvernig fólk sér fyrir sér framtíðina. Með tilkomu fjarlausna gætu svæði utan borga orðið meira aðlaðandi og fleiri skapandi einstaklingar gætu kosið að búa í smærri samfélögum. Þar getur líka ráðið miklu nálægðin við náttúruna og lægra flækjustig.

Menning og afþreying spila mikilvægt hlutverk í því hvar fólk velur að búa. Íbúar í stærri borgum leita oft eftir fjölbreytni í listum, mat og menntun, en þeir sem kjósa að búa í rólegri umhverfi í takt við náttúruna verða að koma fram með sínar eigin hugmyndir um lífsgæði. Í heildina má segja að framtíðin velti mikið á því hvar fólk getur séð fyrir sér að búa. Ákvarðanir um búsetu eru flóknar og háðar mörgum þáttum og til þess að Vestfirðir verði aðlaðandi til framtíðarbúsetu er mikilvægt að vinna að því að skapa hér góðar aðstæður.



Sveitarfélögin og við öll sem búum hér á Vestfjörðum getum haft áhrif á þessa þróun með því að stuðla að sjálfbærni, efla samfélagslega þætti og fjárfesta í menningu og menntun. Með samvinnu, virkri þátttöku og hugmyndaauðgi geta íbúar tryggt að Vestfirðir verði eftirsóknarverður staður til að búa á, þar sem fólk lifir lífinu til fulls. Þá geta þeir sem með skipulagsvaldið fara vandað sig við að hlusta á það sem kallað er eftir til að skapa megi hin bestu búsetuskilyrði á Vestfjörðum til framtíðar.

Í stefnum eins og Sóknaráætlun og Svæðisskipulagi gefst tækifæri til að stilla upp myndum af þeirri framtíð sem við viljum upplifa, þeirri framtíð sem við myndum vilja fyrir börnin okkar eða þau sem hér kjósa að búa eftir 25 ár. Með framtíðarmynd í huga getum við saman unnið skref fyrir skref að því að gera gott svæði enn betra. Ég vil hvetja íbúa Vestfjarða til að fylgjast með þeirri vinnu sem unnin er og nýta allar leiðir til að hafa áhrif á þá stefnu sem sett er fram.

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu



GLIMRANDI GÓÐUR FÉLAGSSKAPUR KYNNTUR

Í góðum félagsskap - opinn kynningardagur á félagsstarfi á norðanverðum Vestfjörðum var haldinn í fyrsta sinn laugardaginn 21. september. Viðburðurinn fór fram í Edinborgarhúsinu og þangað mættu 29 félagasamtök og íþróttafélög sem sýndu og sögðu frá starfi sínu. Vestfjarðastofa var meðal þeirra sem stóðu að í góðum félagsskap ásamt Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað.

Frábært var að sjá hversu margir mættu til leiks með kynningar á starfsemi sinni. Allir fengu úthlutað tilteknu plássi þar sem þeir gátu sett upp sýningarbása. Mikill metnaður einkenndi básana og voru þeir vel skreyttir og með góðu kynningarefni. Góður rómur var gerður að framtakinu og mörg lögðu leið sína í Edinborgarhúsið til að sjá hvað í boði er. Mikil fjölbreytni einkennir félagsstarf á svæðinu og óhætt að segja að allir sem vilja virkja krafta sína ættu að geta fundið eitthvað fyrir sinn snúð.

Skipuleggjendur voru sérlega ánægðir með viðtökurnar og sjá fyrir sér að þessi hressandi viðburður verði árviss að hausti svo sem flestir geti komist í skemmtilegt félagsstarf fyrir veturinn. Gaman er að segja frá því að viðburður sem þessi hefur verið haldinn árlega á sunnanverðum Vestfjörðum og gefið góða raun.



MARKAÐSSTOFA VESTFJARÐA Á VESTNORDEN 2024 Í FÆREYJUM

Ferðasýningin Vestnorden, sem haldin er af NATA (North Atlantic Tourism Association), er stórviðburður í ferðaþjónustu Norður-Atlantshafsins. Sýningunni er ætlað að tengja ferðasala víðsvegar að úr heiminum við ferðaþjónustuaðila frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi til að þróa og kynna vöruframboði á þessum einstöku áfangastöðum. Vestnorden er haldið annað hvert ár á Íslandi, en hin árin skiptist á milli Færeyja og Grænlands.

Í ár fór sýningin fram í Færeyjum dagana 24. og 25. september, og hefur þar þátttaka aldrei verið meiri en nú. Um 70 íslensk fyrirtæki tóku þátt, þar á meðal Markaðsstofa Vestfjarða ásamt fyrirtækjunum Fantastic Fjords og Vesturferðum sem í sameiningu héldu uppi merkjum Vestfjarða.

Aukinn sýnileiki Vestfjarða

Markaðsstofan átti fundi með yfir 20 ferðasölum frá ýmsum heimshornum sem leggja áherslu á ríkin þrjú. Það vakti mikla ánægju að vitund um Vestfirði hefur aukist verulega síðustu ár. Fundirnir beindust í auknum mæli að þróun nýrra ferðaþjónustuvara, þar sem áður þurfti frekar að kynna grunninn að áfangastaðnum. Þetta er jákvæð þróun sem styrkir Vestfirði sem eftirsóknarverðan áfangastað fyrir ferðamenn.

Skemmtileg upplifun í Færeyjum

Færeyjar áttu sviðið í ár og fengum gestir sýningarinnar tækifæri á því að fara út úr fundarherbergjum og sækja landið heim; kynna menningunni, bragða á eldislaxi og skerpukjöti. Farið var til Klaksvíkur, næststærsta bæjar Færeyja, þar sem heimsótt var kirkja, brugghús og handverkshús ásamt því að tölta um bæinn með leiðsögn og hlusta á tónlistaratriði.

Sýningunni lauk með glæsilegum galakvöldverði þar sem bornar voru á borð úrvalsveitingar. Færeyingar sýndu og sönnuðu hversu góðir gestgjafar þeir eru í veislunni sem endaði með dunandi dansleik. Þar var kynnt að næsti gestgjafi hátíðarinnar, sem haldinn verður á Íslandi, verði Norðurland.

Vestnorden er einstakt tækifæri fyrir ferðaþjónu til að byggja upp tengslanet, kynna vörur sínar og afla sér nýrrar þekkingar í ferðaþjónustu í ríkjunum þremur.



MARGT AÐ GERAST Í TÁLKNAFIRÐI



Haustið er annatími hjá atvinnuráðgjöfum Vestfjarðastofu. Opið er í marga sjóði og því kannski enn ærnari ástæða til að nýta sér þá þjónustu sem þeir veita. Guðrún Anna Finnbogadóttir, sem er með starfsstöð á Patreksfirði, hefur verið á ferð og flugi og fór á dögnum í heimsókn til frumkvöðla á ýmsum sviðum á Tálknafirði.

Fyrsti viðkomustaður var sútunarverksmiðjan Nordic Fish Leather, en verksmiðjan var á síðasta ári flutt frá Sauðarkróki. Þar sýndi Hlynur Ársælsson og sagði frá þessari spennandi starfsemi sem nú er komin í fullan gang á Tálknafirði. Nordic Fish Leather sútar laxaroð og umbreytir því í fiskiskinn sem selt er út um allan heim. Fiskiskinnið nýtist í framleiðslu á ólíkum varningi og er spennandi kostur í ýmiskonar hönnun og handverksframleiðslu. Einnig heimsótti hún Ragnar Marinósson í fjölskyldufyrirtækið Tungusilung sem hefur starfað í árafjöld. Þar er reykt og grafin bleikja sem fjölskyldan ræktar sjálf og njóta vörurnar mikilla vinsælda allra þeirra sem einhverntíman hafa smakkað.

Mikil uppbygging hefur verið á Eysteinseyri. Þar reka hjónin Freyja Magnúsdóttir og Marinó Bjarnason ferðaþjónustu í bland við búskap, t.a.m. er þar boðið upp á gistingu og kayakleigu. Búið er að koma upp sveitamarkaði, sem rekinn er yfir sumartímamann, í hlöðunni á bænum. Þar er lögð áhersla á alls konar spennandi varning úr héraði og meðal annars seldar sérvaldar gærur sem hjónin súta.

Fagurt er að horfa út fjörðinn frá Eysteinseyri og fjaran undraveröld þar sem hægt er að fylgjast með lífinu í firðinum. Þar er frá náttúrunnar hendi gott aðgengi fyrir bátasport, en þar hefur verið endurbyggt bátaskýli á gömlum tóftum.

Það er gaman að verða vitni að drift og dug heimafólks sem sífellt leitar spennandi lausna í atvinnusköpun og virðisaukandi varningi – hvort heldur sem er í ferðaþjónustu eða afurðasölu.



UPPBYGGINGARSJÓÐUR VESTFJARÐA:

OPHÐ FYRIR UMSOKNIR

Ertu með hugmynd?! 

Uppbyggingarsjóður styrkir allskyns verkefni sem fara fram á Vestfjörðum, nýsköpunar- og menningarverkefni, atvinnuþróunarverkefni og ýmislegt sem styrkir samfélagið á Vestfjörðum. Menningarstofnanir sem stunda starfsemi allt árið geta sótt um rekstrarstyrk.

Vinnustofur þar sem veitt er aðstoð við umsóknagerð verða haldnar sem hér segir:

- Hólmavík mánudaginn 21. okt. kl. 16-18
- Patreksfirði þriðjudaginn 22. okt. kl. 16-18
- Ísafirði miðvikudaginn 23. okt kl. 16-18



Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2024

MEIRA HÉR!



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA



EVROPURÚTAN KOM TIL ÍSAFJARÐAR

Evrópurútan hefur verið á ferðinni um landið síðustu vikur og kom hún við á Ísafirði, þriðjudaginn 24. september. Evrópurútan er skipulögð af Rannís og með henni komu sérfræðingar á sviði Evrópusamstarfs innan stofnunarinnar. Kynntar voru samstarfsáætlanir ESB á sviði menntunar, menningar, rannsókna, nýsköpunar og æskulýðsstarfs: Erasmus+ og stoðverkefnið: eTwinning, Europass, Eurodesk og EPAL, Horizon Europe, Creative Europe, European Solidary Corps, Enterprise Europe Network, Digital Europe, LIFE og Nordplus.

Upplýstu Rannís-liðarnir um þau tækifæri sem standa til boða í gegnum þessar áætlanir og með hvaða hætti má nýta sér möguleikana sem þær fela í sér. Vestfirðingar voru áhugasamir um þessi mál og kynningin vel sótt. Að kynningu lokinni var fólki skipt upp í hópa til að ræða hugmyndir og möguleg verkefni og gáfu sérfræðingarnir góð ráð í því ferli.

Ísland á aðild að fjölmörgum samstarfsáætlunum Evrópusambandsins í gegnum EES samninginn. Óhætt er að segja að evrópsk tækifæri hafi verið nýtt vel hér á landi og haft víðtæk áhrif á samfélagið. Vestfjarðastofa er um þessar mundir þátttakandi í tveimur Evrópuverkefnum RECET og MERSE. Starfsfólk Vestfjarðastofu er til taks vilji fólk skoða umsóknir í þessa sjóði eða efna til samstarfs um umsóknir.

ÚTGÁFA: ÞJÓÐGARÐAR Á VESTFJÖRÐUM



Ágúst 2024

Þjóðgarðar á Vestfjörðum

Sóknarfæri í byggðapróun



www.vestfiridir.is

VESTFJARÐASTOFA

Í septembermánuði kom út hjá Vestfjarðastofu skýrslan Þjóðgarðar á Vestfjörðum - sóknarfæri í byggðapróun. Þar eru skoðaðir þeir möguleikar sem hafa verið nefndir í umræðunni um þjóðgarð á Vestfjörðum með tilliti til fyrirliggjandi þátta. Farið er yfir hvað ólíkar tegundir friðunar fela í sér og hvað þarf að vera til staðar svo svæði geti orðið þjóðgarður. Einnig er fjallað um hvers vegna íhuga ætti stofnun þjóðgarðs á svæðinu út frá hagrænu gildi. Hjörleifur Finnsson, verkefnisstjóri umhverfis- og loftslagsmála hjá Vestfjarðastofu, tók skýrsluna saman, en aðrir sérfræðingar Vestfjarðastofu komu einnig að henni, auk utanaðkomandi ráðgjafa.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru að miklir hagsmunir felist í stofnun þjóðgarðs fyrir Vestfirði og að Dynjandiþjóðgarður sé besti einstaki kosturinn sem býðst, er það vegna staðsetningar hans innan fjórðungsins, aðgengis og tiltölulega einfalds eignarhalds. Einn helsti útgangspunktur skýrslunnar er hvernig þjóðgarðar geta verið áhrifaríkt tæki í byggðapróun á Vestfjörðum og í því samhengi gæti Drangajökulsþjóðgarður verið sérlega áhugaverður. Þá er einnig skoðaðir aðrir möguleikar, líkt og heimsminjaskrá UNESCO, sem gæti verið spennandi kostur fyrir eyjuna Vigur.

SÓKNARÁÆTLUN Í SAMRÁÐSGÁTT

Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 hefur verið eitt af stóru verkefnum ársins hjá Vestfjarðastofu. Fyrstu drög áætlunarinnar eru nú tilbúin og er unnið að uppsetningu. Sóknaráætlunin kemur í samráðsgátt stjórnvalda í næstu viku og gefst fólki þar kostur á að skila inn athugasemdum yfir tveggja vikna tímabil. Vestfjarðastofa átti í samvinnu við Úrbana um gerð áætlunarinnar og var leitað víðtæks samráðs við Vestfirðinga sem lágu ekki á liði sínu, hvort heldur sem það var í spurningakönnunum, fókushópum eða íbúafundum. Uppsetning er í höndum Pixel og um myndskreytingar sá Einar Viðar Guðmundsson.



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA

HAFSJÓR AF HUGMYNDUM Í FIMMTA SINN


Hafsjór af hugmyndum auglýsir styrki til háskólanema vegna lokaverkefna. Styrkupp hæð getur numið allt að einni milljón króna fyrir verkefni sem hafa það að markmiði að skapa aukin verðmæti úr sjávarauðlindum eða efla atvinnulíf á Vestfjörðum. Það er sjávarútvegsklassi Vestfjarða sem stendur að baki Hafsjó af hugmyndum og fer Vestfjarðastofa með umsýslu verkefnisins. Sjóðurinn hefur úthlutað styrkjum frá árinu 2020 og hafa mörg spennandi lokaverkefni komið til framkvæmda.

Opnað hefur verið fyrir umsóknir og er umsóknarfrestur til 21. október. Háskólanemar á grunn- eða framhaldsstigi geta sótt um og hægt er að vinna verkefnið út frá tveimur útgangspunktum. Annað hvort koma sjálf með hugmynd eða vinna að fyrirfram mótuðum hugmyndum frá fyrirtækjum í Sjávarútvegsklassa Vestfjarða. Fjöldmörg fyrirtæki mynda klasann og auk styrksins er hægt að leita til þeirra um þátttöku, hvort sem hún er fólgin í upplýsingagjöf, hráefnisöflun eða aðstöðu.

Markmiðið með styrkveitingunum er að hvetja til nýsköpunar og skapa tengsl háskólanema og fyrirtækja í gegnum samstarf. Auk þess er verkefnunum ætlað að skapa ný og eftirsóknarverð störf í sjávarútvegi eða tengdum greinum á Vestfjörðum og afla þekkingar um sjávarbyggðir Vestfjarða


Lokaverkefni geta snúið að verkefnum í náttúru- og tæknigreinum, sem og í viðskipta- og félagsvísindum í tengslum við sjávarútveg. Þau geta því verið unnin á breiðum fræðilegum grunni og innan ólíkra sviða. Styrkirnir eru hugsaðir til að greiða fyrir rannsóknarkostnað, hvort sem það er vegna sýnatöku, mælinga, viðtala eða annars sem viðkemur rannsókninni með beinum hætti.

Hafsjó af hugmyndum [má kynna sér betur á síðu verkefnisins](#) og þar er einnig að finna umsóknarform á íslensku og ensku.



HAFSJÓR AF HUGMYNDUM

styrkir á vegum sjávarútvegsklasa Vestfjarða



Háskólanemar við íslenska háskóla athugið:

STYRKIR TIL HÁSKÓLANEMA Á VEGUM SJÁVARÚTVEGSKLASA VESTFJARÐA

Hafsjór af hugmyndum kallar eftir styrkumsóknum vegna lokaverkefna sem hafa það að markmiði að skapa aukin verðmæti úr sjávarauðlindum eða efla atvinnulíf á Vestfjörðum.

Skilafrestur er 21. október 2024


Styrkir getur numið allt að 1 milljón kr. eftir umfangi verkefnis

Markmiðið með lokaverkefnunum er að:

- Hvetja til nýsköpunar
- Skapa tengsl háskólanema og fyrirtækja í gegnum samstarf
- Skapa ný og eftirsóknarverð störf í sjávarútvegi eða tengdum greinum á Vestfjörðum
- Afla þekkingar byggðrar á vísindalegum grunni um sjávarbyggðir Vestfjarða



Vestfjarðastofa



www.vestfiridir.is
Hafsjór af hugmyndum

*Smellið
hér*

INNVIÐAFÉLAG VESTFJARÐA Í SAMSTARF VIÐ BLÁMA



Mikið líf var í höfuðstöðvum Vestfjarðastofu á Ísafirði þann 2. september er haldinn var kynningarfundur á Innviðfélagi Vestfjarða þar sem samstarfssamningur var undirritaður á milli þess og Bláma. Áður en sá fundur hófst átti Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra léttan hádegisfund með sveitastjórnarfólki á norðanverðum Vestfjörðum þar sem rædd voru orkumál í fjórðungnum.


Innviðafélag Vestfjarða ætlar sér að vinna að bættem innviðum og að baki því standa 14 fyrirtæki á svæðinu sem skapa um 70% af tekjum vestfirskra fyrirtækja. Talsmaður félagsins er Guðmundur Fertram Sigurjónsson, stofnandi og forstjóri Kerecis og hélt hann tölu um þá þróun sem hefur átt sér stað í atvinnulífi á Vestfjörðum undanfarin ár þar sem tekjur hafa þrefaldast. Sagði hann mikilvægt að bregðast við með bættem samgöngum og orkuinnviðum þar sem sterkir innviðir væru forsenda sterkra samfélaga og skortur þar á hamlandi hinu drifandi atvinnulífi auk þess sem það skerti lífsgæði íbúa.



Að baki Bláma standa Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Vestfjarðastofa og undirrituðu samninginn fyrir hans hönd ráðherrann Guðlaugur Þór og Þorsteinn Másson, framkvæmdastjóri Bláma. Fyrir hönd Innviðafélags Vestfjarða undirrituðu samninginn Guðmundur Fertram og Gauti Geirsson.

Hægt er að kynna sér félagið betur á heimasíðunni www.innvest.is

Guðlaugur Þór var með opinn fund í Edinborgarhúsinu um kvöldið og var hann vel sóttur. Þar var farið yfir tillögur í skýrslu starfshóps ráðuneytisins frá síðasta ári um eflingu samfélagsins á Vestfjörðum.



VESTFJARÐASTOFA Á ARCTIC ALGEA


Starfsfólk Vestfjarðastofu, Guðrún Anna Finnbogadóttir og Magnús Bjarnason, fór á ráðstefnuna Arctic Alga sem haldin var í húsnæði Arion banka dagana 4.-5. september 2025. Vestfjarðastofa hefur á undanförunum árum unnið að kortlagningu innviða á Vestfjörðum auk þess að ýta á stjórnvöld um að hefja vinnu við gerð laga um þörungarækt. Á ráðstefnunni voru kynnt mörg spennandi verkefni á sviði smáþörungum auk þess sem fjallað var um hlutverk þörungum í matvælaframleiðslu sem fer sífellt vaxandi. Þörungar eru góð viðbót í framleiðslu á grænkeraréttum og er þróun nýrra afurða mjög hröð.

Ráðstefnan var vel sótt og komu þar fram fjöldi sérfræðinga á sviði bæði smá- og stórþörungum. Til að mynda var þar áhugavert erindi um upphaf þörungaræktar, sem hófst í Maine fylki í Bandaríkjunum. Humarsjómenn höfðu ekki fulla vinnu allt árið og búið var til viðskiptamódel þar sem þörungarækt styrkti rekstur þeirra og fæli í sér nýtingu skipa og húsakosts sem þegar var til staðar. Samvinnufélagið sem skapað var um þörungareksturinn gerði sjómönnunum kleift að fara í þörungaræktina með miðlun þekkingar og öflun nauðsynlegra efna til ræktunarinnar.

Ráðstefnan var áhugaverð og þar sjónum beint til framtíðar við fæðuframleiðslu heimsins. Í þörungarækt felast mikil tækifæri fyrir Vestfirði vegna kjöraðstæðna sem felast í fjörðunum, næringarríkum sjó, jarðhita og mikilli verkþekkingu tengdri hafinu.

SJÁVARÚTVEGSKLASINN HITTIST Í VESTURBYGGÐ

Sjávarútvegsklasi Vestfjarða kom saman á ársfundi á dýrðardeggi um miðjan september. Hópurinn hittist á Bíldudal og heimsótti meðal annars höfuðstöðvar Arnarlax þar í bæ. Halldór Halldórsson, framkvæmdastjóri Íslenska Kalkþörungafélagsins, tók á mótí hópnum og fór með hann um hafnarsvæðið þar sem hann sagði frá öllum þeim framkvæmdum sem þar hafa verið unnar undanfarin ár. Þá var haldið yfir á Patreksfjörð þar sem hópurinn fékk fylgja með í rjómablíðu út á fjörðinn til að fódra lax í kvíum þar og fræðast um ferlið í laxeldi og hvernig endurnýjun búnaðar er háttað.



Sjávarútvegsklasa Vestfjarða mynda fyrirtæki í sjávarútvegi á svæðinu og hefur hann starfað með hléum frá árinu 2007. Markmið hans eru að auka veg sjávarútvegs á Vestfjörðum og efla samstarf innan hans. Meðal verkefna er Hafsjór af hugmyndum, sem veitir styrki til háskólanema. Opið er fyrir umsóknir um þessar mundir og má fræðast betur um það á síðu 9 hér í fréttabréfinu.

Sveitarstjórnarfólk athugið!

69. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti

69. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti verður haldið á Hótel Laugarhóli Bjarnafirði, 18.-19. október 2024.

Sveitastjórnarfólk er sérstaklega hvatt til að mæta, en þingið er öllum opið. Viðfangsefni þingsins að þessu sinni er þríþrætt. Vinnustofa um framtíðarsýn Vestfjarða sem lið í gerð vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða, kynning á nýrri Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 og síðan hefðbundin þingsstörf samkvæmt 11. gr samþykpta og afgreiðsla ályktana.



**Skráning
og gögn**

HAUSTFUNDUR MENNINGARFULLTRÚA LANDSHLUTANNA Á VESTFJÖRÐUM

Árlegur haustfundur Menningarfulltrúa landshlutanna fór fram í byrjun mánaðar. Hópurinn hittist í Reykjavík og fór síðan Vestfjarðaleiðina. Ferðin var einstaklega vel heppnuð og sérstaklega vakti það athygli hversu vel er stutt við skapandi greinar á Ísafirði. Sumir voru að koma á Vestfirði í fyrsta skipti en allir heilluðust af hinni stórbrotna landslagi sem hvarvetna blasti við og því hversu heimamenn voru öflugir og sjálfbjarga um margt.

Baukað í borginni

Í Reykjavík var fundað með Elfu Lilju Gísladóttur, verkefnisstjóra List fyrir alla, en verkefnið sendir reglulega listamenn í hæsta gæðaflokki til Vestfjarða og styður við heimamenn sem hafa náð langt í list sinni. Í vetur stendur verkefnið fyrir komu þeirra Frach-bræðra sem eru frá Ísafirði, en hafa um nokkurra ára skeið stundað framhaldsnám í Póllandi. Vakin var sérstök athygli á verkefninu Málæði. Vigdís Jakobsdóttir, fráfarandi listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavíkur hitti hópinn og ræddi m.a. um vinnu við sviðslistastefnu Íslands, sem nú er verið að leggja lokahönd á. Við starfi hennar tekur Lára Sóley Jóhannsdóttir sem hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Hópurinn fór í menningarráðuneytið og hitti aðstoðarfolk ráðherra og embættismenn sem sinna menningarmálum á ágætum og vonandi skilvirkum fundi. M.a. voru ræddir möguleikar á því að efla safnastarf og að lengja opnunartíma safna. Þá hitti hópurinn Jónu Hlíf Halldórsdóttur, en Jóna var nýlega kosinn nýr forseti BÍL, Bandalags íslenskra listamanna. Jóna er mjög skeleggur og öflugur talsmaður lista og menningar og leggur áherslu á að landsbyggðin verði ekki útundan í þeim málum. T.d. má vel hugsa sér að BÍL tilnefni fulltrúa í fagrað Uppbyggingarsjóðs.

Hin nýstofnaða Tónlistarmiðstöð Íslands var heimsótt og þær Önnu Rut Bjarnadóttur og Maríu Rut Reynisdóttur. Starfsfolk hafði mikinn áhuga á því að fjölga umsóknum af landsbyggðinni í Tónlistarsjóð. Mikilvægt væri líka að kynna vel þá ferðastyrki sem eru í boði hjá Tónlistarsjóði. Að lokum fóru menningarfulltrúar upp í RÚV í Efstaleiti og hittu þar Guðna Tómasson, menningarritstjóra, Margréti Jónasdóttur, aðstoðardagskrárstjóra sjónvarps og Fanneyju Birnu Jónsdóttur, dagskrárstjóra menningar. Allir voru sammála um að auka þyrfti dagskrárgerð á landsbyggðinni og sammælt um að hafa góða samvinnu um það.





Vestrið væna

Að loknu góðu dagsverki í borginni var brunað vestur í Flókalund og gist þar í góðu yfirlæti. Rúmin í Flókalundi eru fádæma góð og hæfilegur göngutúr í Hellulaug. Í bítið morguninn eftir var ekið að Hnjóti í Örlygshöfn og Inga Hlín Valdimarsdóttir, safnstjóri Minjasafns Egils Ólafssonar tók á móti hópnum. Áhugavert er að sjá að í elsta hluta safnsins, sem má segja að sé safn um safn, hefur verið farin sú leið fyrir allmörgum áratugum að teikna skýringarmyndir sem útskýra notkun ýmissa safngripa. Þannig er komist hjá ýmsum tungumálaörðugleikum. Á safninu er frábær sýning um björgunarafrekið við Látrabjarg, þar sem mynd Óskars Gíslasonar er sýnd og áhrifaríkt líkan Þórarins Blöndal af aðstæðum við björgunina. Þar er einnig sýning um Gísla á Uppsölum og áhugaverð farandsýning um komur hvítabjarna á Vestfirði í gegnum aldirnar. Að Hnjóti er líka flugminjasafn og þar má fá ágætt kaffi.

Á Patreksfirði var hin nýuppgerða Vatneyrarbúð skoðuð, Þórkatla Ólafsdóttir og Guðrún Anna Finnbogadóttir sýndu húsið og sögðu frá þeirri fjölbreyttu starfsemi sem þar fer fram. Einn úr hópi menningarfulltrúa, Sigursteinn Sigurðsson, er arkitekt að mennt og kom að hönnun og endurgerð hússins og er óhætt að segja að vel hafi til tekist. Snæddur var hádegisverður á Vegamótum þar sem Gísli Ægir tók á móti hópnum með sínu fólki. Valgerður María Þorsteinsdóttir, menningarfulltrúi Vesturbyggðar, kom og sagði frá starfi sínu, en Vesturbyggð er eina sveitarfélagið á Vestfjörðum sem hefur ráðið menningarfulltrúa. Á Skrímslasetrinu sýndi Ásdís Snót sýninguna, en hún ásamt eiginmanni sínum og öðru pari hafa nýlega keypt setrið. Hún sagði frá fyrirætlunum um frekari uppbyggingu. Vonandi tekst að lengja opnunartímann á þessari stórskemmtilegu sýningu.

Og áfram enn lengra

Það var ánægjulegt að sjá hversu vel miðar með veglagningu yfir Dynjandisheiði. Það er undarlegt að það eigi að skilja örstuttan spotta eftir, þegar búið er að leggja í alla þessa framkvæmd. Vonandi að því verði kippt í lag sem fyrst. Það er ekki síst áriðandi til að fá stærri sneið af ferðamannakökunni, að hægt sé að aka á bundnu slitlagi alla Vestfjarðaleiðina. Aðstaðan við Dynjanda er til fyrirmyndar, enda einn þekktasti ferðamannastaður Vestfjarða og raunar á landsvísu. Allt er þar snyrtilegt og öll uppbygging, s.s. stígar og girðingar falla vel að landslaginu.

Menningarfulltrúarnir voru sammála um að það væri til fyrirmyndar hvernig Ísafjörður tekur á stöðu skemmtiferðaskipa, m.a. með viðburðasjóði Ísafjarðarhafna, fjöldatakmörkunum í bænum hverju sinni, uppbyggingu aðstöðu sem getur tekið við ferðamönnum og veitt afþreyingu. Byggðasafn Vestfirðinga er metnaðarfullt verkefni á sviði menningarmála sem býður ferðamenn velkomna og hefur tekist einstaklega vel til. Jóna Símonía stýrir því góða starfi af festu og smekkvísi. Nágranni Byggðasafnsins er veitingastaðurinn Tjöruhúsið, en þetta er elsta húsabyrping á landinu sem enn stendur á upprunalegum stað. Eftir málsverð þar voru allir sammála um að það væri vandfundin betri fiskmáltíð, ekki bara á Íslandi heldur í heiminum öllum. Algjörlega einstakur staður og áhugavert hvernig hráar aðstæðurnar styðja vel við stemminguna sem hefur verið sköpuð í þessu gamla húsi.

Skoðuð var uppbyggingin á Bolafjalli. Hún er um margt verulega vel heppnuð, svo traustvekjandi að jafnvel hinir lofthræddustu í hópnum upplifðu sig alveg örugga. Reyndar var þókan svo þétt að menn sáu ekki handa sinna skil, kannski hefur það hjálpað til.

Menning og skapandi greinar á Ísafirði hafa sjaldan eða aldrei verið í nánari samvinnu. Þar er ekki síst að þakka samvinnurýminu Netagerðinni, sem Heiðrún Jóhannsdóttir rekur með dæmalausri elju og hugmyndaauðgi. Þar innan dyra eru um þrjátíu sjálfstætt starfandi aðilar sem eru að fást við allt mögulegt og styðja hver við annan einfaldlega með því að vera undir sama þaki. Komið var við í Kertahúsinu og skoðuð sú markvissa uppbygging sem þar á sér stað og spratt upp úr þörf á því að skapa sér vinnu á erfiðum tímum Covid og barneigna. Þar hefur tekist einstaklega vel til með frjórri hugsun og drifkrafti.

Haldið heim á leið

Í Litlabæ við Skötufjörð er óvanaleg samsetning af safni og kaffihúsi. Það þarf hvorki marga fermetra né mikla lofthæð til að skapa vinalegt andrúmsloft, en grunnflötur hússins er ekki nema 29 m². Nálægt þessum vinsæla áningarstað er líka vinsæll áningarstaður sela sem gjarnan skriða upp á sker til að baða sig í sólskini.

Í Þróunarsetrinu á Hólmavík starfa ýmsir einyrkjar og lítil fyrirtæki og stofnanir undir sama þaki. Þar geta málin æxlast þannig að fólk hittist sjaldan, svo kaffitíminn er alveg heilög stund. Allir leggja frá sér tól sín og tæki þegar kaffitíminn rennur upp, enda eru umræðurnar líflegar og lífsgátan leyst í hverjum kaffitíma. Sigurður Líndal, verkefnisstjóri, hitti hópinn og bauð upp á kaffi, en hann hefur starfsstöð á Hólmavík ásamt Skúla Gautasyni menningarfulltrúa. Því miður var búið að loka á Galdrasýningunni á Ströndum. Þar er ekki opið lengi frameftir, en hinsvegar leggur Anna Björg Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri, ríka áherslu á að hafa opið allan ársins hring og hvetur aðra ferðabjónustuaðila til að gera slíkt hið sama. Þannig, og ekki öðruvísi, er hægt að lengja ferðamannatímabilið. Galdrasýningin á Ströndum er enda fjölsóttasta menningarstofnun á Vestfjörðum og má segja að hún hafi haldið Hólmavík á kortinu í þann aldarfjórðung sem hún hefur verið við lýði.

Haustfundurinn í heild heppnaðist með eindæmum vel. Það er afar mikilvægt fyrir lykilmál fólk í menningargeiranum að fá innsýn inn í það sem er að gerast í öðrum landshlutum. Við lærum hvert af öðru, fáum hugmyndir að láni og vinnum sameiginlega að því marki að gera mannlífið í landinu okkar fjölbreytilegt og litskrúðugt.



AI FERÐAÞJÓNUSTU

HVAÐ?

Taktu þátt í Curious Tools, fjögurra daga vinnustofu sem miðar að því að hjálpa atvinnurekendum í ferðaþjónustu á Vestfjörðum að uppgötva umbreytandi möguleika gervigreindar (AI). Lærðu hvernig AI getur bætt rekstur fyrirtækisins, bætt upplifun viðskiptavina og stuðlað að sjálfbærri ferðaþjónustu. Á vinnustofunni verða hagnýt verkefni, leiðsögn sérfræðinga og tæki sem aðstoða þig við að aðlagast breyttu landslagi í ferðaþjónustu.

HVERNIG?

Á vinnustofunni munt þú:

- Uppgötva hvernig hægt er að nota AI-verkfæri til að hagræða vinnuflæði, bæta jafnvægi á milli vinnu og einkalífs og veita framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum.
- Læra um hvernig AI er nú þegar notað í ferðaþjónustu, allt frá persónubundinni markaðssetningu til skilvirks rekstrar, með hjálp raunverulegra dæma og reynslusagna.
- Taka þátt í hagnýtum lotum sem fara yfir persónubundna markaðssetningu, sjálfbæra ferðaþjónustu og gervigreindar-knúna þjónustu við viðskiptavinum.

AF HVERJU?

Ferðaþjónustan á Vestfjörðum er að þróast hratt. Curious Tools mun færa þér þekkingu sem gerir þér kleift að vera einu skrefi á undan, nýta gervigreind til að bæta þjónustu þína og stuðla að öflugri sjálfbærri ferðaþjónustu. Hvort sem þú ert ferðaskipuleggjandi, hótélrekandi eða leiðtogi í samfélaginu, þá er þessi vinnustofa tækifæri til þess að:

- Skilja möguleika gervigreindar til að efla fyrirtækið þitt
- Stuðla að þekkingargrunni sem mun nýtast ferðaþjónustunni á svæðinu
- Tengjast kollegum og sérfræðingum til að öðlast hæfni sem stuðlar að sjálfbærri ferðaþjónustu

HVENÆR OG HVAR?

10.-13. október 2024

Blábankinn, Þingeyri, Vestfirðir

Gisting á svæðinu og hálf tæki innifalið í þátttökugjaldi sem er 30.000 ISK.

HVERJIR ÆTTU AÐ TAKA ÞÁTT?

- Ferðaþjónustuaðilar sem vilja nýta sér nýjustu tækni
- Fyrirtækjaeigendur sem stefna að því að hagræða í daglegum rekstri
- Samfélagsleiðtogar sem hafa áhuga á sjálfbærri þróun
- Allir sem hafa áhuga á að læra um AI og hlutverk þess í ferðaþjónustu

SKRÁÐU ÞIG Í DAG!

Taktu þátt í magnaðri reynslu sem getur haft mótandi áhrif á fyrirtæki þitt til framtíðar
Fyrir frekari upplýsingar, farðu á www.blabankinn.is eða hafðu samband við okkur á startupwestfjords@blabankinn.is

